

## 24. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 33, 19. júní 1922, um fiskiveiðar í landhelgi.

(Lagt fyrir Alþingi 1925).

### 1. gr.

Þeim, sem hafa rjett til fiskiveiða í landhelgi hjer við land, er óheimilt að nota til veiða umhverfis landið, erlend skip, hvort heldur er innan eða utan landhelgi.

Atvinnumálaráðherra getur þó veitt undanþágu frá ákvæðum 1. málsg. um þau erlend skip, sem stunda veiðar hjer við land, er lög þessi öðlast gildi.

### 2. gr.

Akvæði 9. og 12. gr. laga nr. 33, 19. júní 1922, um fiskiveiðar í landhelgi haldast óbreytt.

### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Það hafa ekki allir verið á einu máli um það, hvort íslenskum ríkisborgurum og öðrum, sem rjett hafa til fiskiveiða hjer við land, væri heimilt að nota til veiðanna erlend leiguskip. Telja sumir, að bann við þessu felist í fiskiveiðalögnum nr. 33, 1922, en aðrir líta svo á, að það sje ekki.

Nú er það svo, að fiskiveiðum vorum og fiskmarkaði getur stafað mikill hættu af leiguskipum, sem hingað kynnu að safnast, ef leiga á erlendum skipum væri leyfð, því að enginn efi er á, að margir mundu hafa hug á að ná sjer í skip á þann hátt, auk þess sem naumast mundi unt að fyrirbyggja, að í kjölfar þeirra skipa, sem í raun og veru væru leigð, mundu koma skip, sem að eins væru á leigu í orði kveðnu. Þetta gæti haft í för með sjer of snögga aukningu fiskiflotans og það er hættulegt bæði fiskiveiðunum sjálfum og öðrum atvinnuvegum, sem mundu snögglega missa vinnukraft á tilfinnanlegan hátt. Hin hollasta aukning og þróun sjávarútvegsins er sýnilega sú, sem kemur fram við vaxandi innlendan skipastól og fjármagn í landinu. Að þessu athuguðu hefir þótt rjett að bera frv. þetta fram. Í augum þeirra, sem halda því fram, að leiga erlendra skipa sje óheimil eftir gildandi lögum, er frv. þetta að eins löggjafarvalds-lögskýring (autentisk Fortolkning) en í augum hinna eru ákvæði frv. viðauki við gildandi lög, en það er þá að eins við-

auki, sem veit að landsins eigin börnum og virðist því ekki geta valdið neinum erfiðleikum gagnvart öðrum þjóðum.

Sjálfsgat þykir að hafa undanþáguheimild um skip, sem kynnu að hafa verið leigð áður en frv. þetta verður að lögum, en hún mundi ekki verða notuð gagnvart þeim skipum, sem vissa eða líkindi væru á, að leigð væru t. d. eftir síðustu áramót.